



E10/2018

Fyrirspyrjandi Henrik Brodersen (DF)
Skrifleg fyrirspurn Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn varðandi norrænt samstarf um upplýsingamiðlun um landræka og óæskilega einstaklinga

Bræðrunum Django og Stefano úr hinni illræmdu Levakovic-glæpafjölskyldu í Danmörku var vísað þaðan varanlega úr landi árið 2014 til heimalands síns, Króatíu. Þeir höfðu verið sakfelldir fyrir gróft húsbrot hjá 77 ára manni. Í þessari harðsvíruðu glæpaklíku, sem kennd er við Levakovic, eru auk bræðranna ýmsir sem hlotið hafa ótal dóma fyrir meiri og minni háttar lögbrot, þar á meðal alvarlega glæpi. Því hafa margir úr þessari fjölskyldu orðið landrækir í Danmörku og eru vægast sagt óæskilegir í dönsku samfélagi sem þeir hafa aldrei lagt annað til en vandræði og afbrot.

Aftur á móti hefur komið í ljós að brottvísunin hefur ekki haft tilætluð áhrif. Hinn 14. febrúar 2017 handtók lögreglan í Kaupmannahöfn Django Levakovic fyrir búðarhnupl í fataverslun í Kaupmannahöfn. Í dóminum og fyrir rétti kom fram að Django hefði sest að í Malmö í Svíþjóð eftir brottvísunina þar sem hann á að eigin sögn unnustu og hefði hafið nám. Django sagði jafnframt fyrir dómi að hann hefði komið til Danmerkur í þeim tilgangi að heimsækja sjúka móður sína. Meðan á „sjúkraitjuninni“ til móðurinnar stóð gat síbrotamaðurinn ekki setið á sér að brjóta lögin á ný og endaði í fangelsi eina ferðina enn. Hann hefur fengið meira en tólf ára fangelsi vegna fjölda dóma fyrir meðal annars innbrot, gripdeildir, meiri háttar ofbeldi og ofbeldisbrot gegn opinberum starfsmanni. Leikur enginn vafi á að hér er um ræða harðsnúinn síbrotamann sem íþyngir samfélaginu mjög.

Því er ekkert vafamál heldur að slíkur landrækur og þar með óæskilegur síbrotamaður í Danmörku muni varla nokkurn tímann leggja neitt gott til samfélagsins í Svíþjóð eða nokkru öðru norrænu velferðarríki.

Geti maður með svo ískyggilega fortíð og langan sakaferil flust átölulaust til Malmö til dæmis og fengið á leigu bifreið skráða í Svíþjóð, þá getur hann nánast hindrunarlaust farið til Danmerkur á ný til að fremja frekari afbrot, á sama hátt og væri unnt að búa á svæðinu milli til að mynda Svíþjóðar, Noregs og Finnlands og ferðast án vandkvæða til þess ríkis sem vísað hefur viðkomandi burt.



Þetta er aðeins einfalt dæmi en sýnir býsna vel hvað við er að fást. Vandamálið felst nefnilega í því að brottrækum í einu norrænu landi er unnt að taka sér búsetu hinum megin landamæruna í öðru norrænu landi og ferðast þaðan vandkvæðalaust til þess lands sem þeim var vísað frá en því fylgir hætta á að þeir fremji glæpi á ný og íþyngi því samfélagi frekar sem vísaði þeim varanlega úr landi.

Með hliðsjón af þessu er eftirfarandi fyrirspurn lögð fyrir:

- Fer nú þegar fram upplýsingamiðlun milli landanna um landræka og óæskilega einstaklinga?
- Hvernig haga norrænu ríkisstjórnirnar samstarfi til að koma í veg fyrir afbrot þvert á landamæri á Norðurlöndum, svo sem þau sem nefnd voru í dæminu hér að ofan?
- Hver er afstaða ríkisstjórnanna til hugsanlegrar tillögu um að taka saman samnorrænan svartan lista yfir landræka og óæskilega einstaklinga svo að hverjum þeim sem er óæskilegur eða hefur verið vísað varanlega úr einu norrænu landi sé ekki frjálst að setjast að í öðru norrænu landi?
- Hver er afstaða norrænu ríkisstjórnanna til þess að sameinast um að krefjast þess af ESB að gert verði kleift að banna svo hættulegum einstaklingum að ferðast til nokkurs norræns lands, að svo miklu leyti sem ESB-réttur stendur slíku banni í vegi?

Kaupmannahöfn, 15.maí 2018

Henrik Brodersen (DF)